Íþróttapósturinn er gefin út af Forystu ehf.

View in browser

ÍÞRÓTTAPÓSTURINN

Vika 26, 2024



Góðgerðargolfhögg í Skógarböðunum

Finnur Aðalbjörnsson eigandi Skógarbaðanna sló fyrstur af teignum sem hann lét útbúa á stéttinni fyrir utan böðin.

Í tilefni alþjóðlega Arctic Open mótsins, sem hófst á Jaðarsvelli í gær, tóku Skógarböðin og Golfklúbbur Akureyrar saman höndum og bjóða fólki upp á að slá golfkúlu frá inngangi Skógarbaðanna niður á flöt á eyju sem Finnur útbjó ásamt sínu fólki í vatni neðan við böðin.

Þetta er bæði til gamans gert og í góðgerðarskyni því greitt er fyrir hvern golfbolta sem sleginn er og allt fé sem safnast rennur til Grófarinnar - geðræktar á Akureyri.

Nánar á vef Akureyri.net



Landsliðsfólk á skíðum komið á fulla ferð í undirbúningi fyrir komandi tímabil

Landsliðin okkar í alpagreinum og skíðagöngu eru komin á fullt á nýju tímabili og voru bæði liðin með samæfingu í síðustu viku og um helgina.

Samæfing í skíðagöngu fór fram í Bláfjöllum og Reykjavík dagana 16. -23. júni. Landsliðsþjálfarinn hann Vegard Karlstrom mætti til landsins á þessa fyrstu

samæfingu á nýju tímabili og honum til halds og traust var okkar besti skíðagöngumaður frá upphafi Snorri Eyþór Einarsson.

Alpagreinalandsliðið ásamt afrekshóp var með samæfingu á Tindastóli dagana 19. -24. júní. Nýráðinn landsliðsþjálfari Marko Špoljarić kom til landsins og var þetta hans fyrsta verkefni með nýju landsliði. A-liðs fólkið okkar þau Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir og Gauti Guðmundsson mættu ásamt B-liðs fólkinu Elínu Elmarsdóttur Van Pelt og Jóni Erik Sigurðssyni og nokkrum úr afrekshópi. Aðstæður voru frábærar þökk sé forstöðumanni skíðasvæðisins á Tindastóli sem var búin að undirbúa svæðið vel og lét sólin sjá sig flesta daga.

Nánar á vef Skíðasambandsins



Kvennahittingur á baráttudegi kvenna

Kvennahittingur var haldin á vegum ÍSÍ og UMFÍ í Sjálandi í Garðabæ í tilefni af kvenréttindadeginum. Viðburðurinn var haldinn í kjölfar ráðstefnunnar Konur og íþróttir, sem fram fór á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna í mars. Ráðstefnan tókst afar vel og voru þátttakendur mjög ánægðir með hana.
Rúmlega áttatíu konur mættu á viðburðinn í Sjálandi og var andrúmsloftið létt og skemmtilegt.

Nánar um hiittinginn á vef ÍSÍ



Gullin sótt til Gíbraltar

Íslenskt frjálsíþróttafólk fór mikinn á Smáþjóðameistaramótinu á Gíbraltar í dag. Ísland náði lang flestum gullverðlaunum, eða 7 talsins, auk þess að vinna ein silfur og ein brons verðlaun. Þá settu Íslendingar tvö mótsmet og eitt aldursflokkamet í sólinni á Gíbraltar í dag.

Nánar á vef FRÍ



HSK/Selfoss Íslandsmeistarar félagsliða á MÍ 15-22 ára

Meistaramót Íslands 15-22 ára fór fram á Selfossi um helgina. Það var lið HSK/Selfoss sem sigraði stigakeppni félagsliða. HSK/Selfoss sigraði einnig í þremur aldursflokkum. Liðið hlaut samtals 414 stig, í öðru sæti var lið UFA með 231 stig og í því þriðja var lið Fjölnis með 195 stig.

Nánar á vef FRÍ



BLÍ heldur strandblaksnámskeið í Júlí

Dagana 8.,10. og 11. júlí stendur Blaksamband Íslands því fyrir strandblaksnámskeiði í Fagralundi sem opið er öllum áhugasömum.

Leiðbeinendur á námskeiðinu verða Elísabet Einarsdóttir, Matthildur Einarsdóttir og Helena Einarsdóttir. Þær systur hafa allar góða þekkingu á strandblaki og koma þær til með að deila þekkingu sinni á námskeiðinu.

Boðið verður uppá æfingar fyrir þrjá flokka:
Yngri byrjendur (ungmenni fædd 2008 og síðar), **almennir byrjendur** og svo hópur fyrir þá sem hafa nú þegar **grunnþekkingu** í strandbalki og langar að auka við hæfni.

Nánar upplýsingar og skráning á vef BLÍ


ÍÞRÓTTA-
PÓSTURINN
ÚT Á
YSTU
MÖRK
SKRÁÐU ÞIG Í DAG
FORYSTA.IS



4 keppendur í keilu á leið á heimsmeistaramót U21

Dagana 7.-18. júlí fer fram heimsmeistaramót fyrir leikmenn 21 árs og yngri. Þetta mót er haldið í 17. skipti en það var síðast í Helsingborg í Svíþjóð árið 2022. Íslenska landsliðið hefur átt góðu gengi að fagna á þessu móti en árið 2008 voru þeir Hafþór Harðarson og Róbert Dan Sigurðsson sem stóðu á verðlaunapalli og tóku við bronsverðlaunum í Orlando og það var núna síðast í Helsingborg þar sem að íslensku strákarnir komu sér áfram í 16 liða úrslit í liðakeppninni í svokölluðu baker-sniði sem var nýjung á því ári. Þeir enduðu í 12. sæti.

Að þessu sinni fer mótið fram í Incheon í Suður-Kóreu og hafa 39 þjóðir boðað þátttöku, þar á meðal er Ísland. Mark Heathorn yfirþjálfari fer til Suður-Kóreu ásamt Skúla Frey Sigurðssyni aðstoðarþjálfara og hafa þeir valið 4 stráka til að taka þátt en engar stelpur buðu sig fram í þetta verkefni.

Nánari upplýsingar og hlekkur á streymi hjá KLÍ



Snæfríður Sól komin inn á Ólympíuleikana.

Snæfríður Sól Jórunnardóttir, sundkona, hefur fengið boð um þátttöku á Ólympíuleikunum í París í sumar en Alþjóðaólympíunefndin staðfesti svo í dag. Snæfríður Sól hefur staðið sig vel undanfarið og synt mjög vel á síðustu mótum. Snæfríður Sól verður þar með fjórði Íslendingurinn sem kemst inn á Ólympíuleikana sem munu hefjast í júlí.

Nánari upplýsingar á vef ÍSÍ



Forysta ehf

Bildshofda 14,
110 Reykjavík,
Iceland

Þú færð þennan póst vegna þess að þú hefur skráð þig á póstlistann okkar, þú hefur verið á eldri netfangalista eða mögulega ert þú flokkaður sem forráðamaður í Íþróttahreyfingunni.
Þú smellir á hlekkinn hér að neðan ef þú villt afskrá þig.

Afskrá mig

SENT BY mailerlite